**60**
23. júní

# LÖG

um

**heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast fyrir eitt ár rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f, er hann tekur hjá einni eða fleiri lánsstofnunum, allt að 100000 sterlingspundum, eða tilsvarandi fjárhæð í annari mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

---

*Ásgeir Ásgeirsson.*